

## Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga.

Frá Drífu J. Sigfúsdóttur.

1. Telur ráðherra einhverja meinbugi á því að nemendur sem útskrifast með BS-próf frá viðskiptadeildum Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri og frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst fái að kalla sig viðskiptafræðinga?
2. Hverjir skipa nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981 og eftir hvað meginreglu starfar hún?
3. Telur ráðherra koma til greina að breyta lögum nr. 27/1981 þannig að nemendur með BS-próf úr áðurgreindum skólum fái að kalla sig viðskiptafræðinga eins og nemendur með sambærileg próf frá Háskóla Íslands?